

FRÓDLEG SAGA AF SVONEFNDUM DRAUG

I

Í bók minni Sannýal hefi ég, s. 133, getið um Masselo Hauge, Norðmann líklega að nokkru leyti af Lappaættum, sem vissi nákvæmlega til Fridtjóvs Nansens, þegar hann var í hinni frægu norðurför sinni 1893—96. Ég hefi einnig, í grein í Morgunblaðinu hér, getið um Bandaríkjamanninn Sherman, sem hefir sagt frá því, hvernig hann vissi nákvæmlega til hins fræga flugmanns, Sir Hubert Wilkins, þó að annar væri þá staddur austantil í heimsálfunni, en hinn vestan, og því þúsundir kílómetra á milli þeirra. Við Duke háskólann í N-Karólínu hefir sálfræðingurinn dr. Rhine lengi verið að rannsaka mjög vandlega, hvort hugsamband manna á milli geti átt sér stað, og komist þar að niðurstöðum sem talið er að ekki verði véfengdar. Dr. Rhine hefir einnig getað fundið órækar sannanir fyrir því, að það sem nefna verður heilageislan, eða eitthvert aflstreymi í sambandi við huga manns, eins og ef til vill væri nákvæmar að orði komist, á sér stað.

II

Síðasta ár mitt í Latínuskólanum las ég einhversstaðar, að á Indlandi kæmi það fyrir stundum, að menn vissu tíðindi úr fjarlægum héruðum, áður en til mála gæti komið, að fréttir hefðu borist á milli, líkt og segir í Njálu, að Helgi Njálsson hafi í Orkneyjum vitað sumt það sem til tíðinda gerðist á Skotlandi, þó að engar ferðir væru á milli. Og um aldamótin las ég sjálfsævisögu Goethe (*Wahrheit und Dichtung*), þar sem sjá má, að þessum mikla andans manni hefir þótt mjög líklegt, að hugsamband gæti átt sér stað.

Ásetti ég mér þá að fara að gefa gætur að þessu. Árangur var enginn fyrst í stað. En nokkrum árum síðar fór mér að virðast svo sem einhver mundi vita til mín á dulrænan hátt, ef svo mætti að orði komast. Leið þó enn svo árum skipti án þess að ég gæti komist að neinni niðurstöðu um það, hver þetta mundi vera. Ludvig Kaaber, Landsbankastjóri og stórkaupmaður, mikill dulrænumaður og innflytjandi hinnar svonefndu guðspeki, eins og kunnugt er, hafði þá um nokkur ár átt heima í húsinu beint á móti mér, hinumegin við Smiðjustíginn. Fór mér nú að virðast sem Kaaber mundi vera maðurinn, og gerði orð á þessu við hann. Mótmælti hann því þá ekki, að ég mundi að einhverju leyti hafa getið rétt til. Það var nú augljóst, að Kaaber vissi miklu meira til mín en ég til hans, og þar eð hann notaði þessa vitneskju á þann hátt sem til óþæginda var fyrir mig, bað ég hann nokkrum sinnum alvarlega, en þó með fullri stillingu, um að hætta þessu. En nú þrætti hann fyrir þetta og sagði, að ég hefði sig fyrir rangri sök. En það stóðaði ekki, því að ég var nú, og að því er mér virtist og virðist enn, örugglega kominn að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki. Get ég ætlast til þess, að þeir sem sanngjarnir vilja vera, láti sér skiljast, að ég muni ekki hafa tekið á þessu máli af neinni léttúð; og eins, að greind mín muni vera heldur í betra lagi. En ekki skal sagt frá þessari viðureign okkar Kaabers hér, heldur snúið að draugasögunni.

III

Eins og kunnugt er, var þess getið í hádegisútlitvarpinu 12. ágúst 1941, að Ludvig Kaaber, fyrrum bankastjóri, hefði orðið bráðdauður þá um nóttina.

Þetta þótti mér góð frétt, því að ýmsar tilraunir gagnvart mér, sem ég setti í samband við Kaaber, höfðu þá lengi verið mér erfiðar, og ég vonaði, að nú mundi friður fást. En svo varð þó ekki. Ég fór brátt að verða aftur var við Kaaber, mjög líkt og áður, en þó þrálátlegar. Skal nú ekki af því sagt nánar, en eina nótt 4—5 mánuðum eftir að blöð og útvarp höfðu sagt frá láti Kaabers, þykir mér kann segja við mig (á

dönsku): „Nú sá N. N. mig, og ég varð hræddur.“ Mér var fullkomlega ljóst, að ekki var um neina höfuðóra í mér að ræða, og fór að hugleiða, hver þessi N. N. — sem Kaaber hafði nefnt fullu (nokkuð algengu) nafni — mundi vera. Þegar ég hafði komist að niðurstöðu um það, hvert ég helst skyldi snúa mér, talaði ég við manninn, og kom þá í ljós, að þessi maður hafði einmitt séð hinn framliðna Kaaber, skammt frá húsi hans við Laugarásveg. Var maðurinn vitanlega ekki í neinum vafa um, að hann hefði séð draug, en lét í ljósi undrun sína yfir því, að mér skyldi vera þetta kunnugt, þar sem hann hefði engum sagt frá þessari sýn sinni.

Saga þessi er merkileg af því, að þarna er svo greinileg bending um hugsamband. En einnig af öðrum ástæðum, sem ég ætla þó ekki að sinni að minnst á.